

**Menningar,- íþróttá- og tómstundaráð Reykjanesbæjar (MÍT), og
Bridsfélag Suðurnesja , gera með sér eftirfarandi**

SAMKOMULAG

um kynningu á brids í Reykjanesbæ árið 2006

1. Bridsfélag Suðurnesja tekur að sér að halda kynningu og námskeið í brids í Reykjanesbæ fyrir bæjarbúa.
2. Bridsfélag Suðurnesja sér um að auglýsa ofangreinda kynningu/námskeið.
3. Bridsfélag Suðurnesja skilar inn til MÍT skýrslu eigi síðar en 1.nóvember 2006 um hvernig staðið var að kynningunni, hver þátttakan var og hvað kom út úr fyrrgreindri kynningu.
4. MÍT greiðir Bridsfélagi Suðurnesja **kr. 150.000.-** (eitt hundrað og fimmtíu þúsund krónur), sem greiðist þannig að kr. 100.000 greiðast við undirritun samningsins og kr. 50.000.- greiðast þegar skýrsla verksala hefur borist.
5. Bridsfélag Suðurnesja tekur að sér að halda kynningu á brids í grunnskólum Reykjanesbæjar í samráði við skólastjóra viðkomandi skóla og bæjaryfirvöld í Reykjanesbæ. Bridsfélag Suðurnesja sér einnig um að auglýsa þá kynningu. Kynningin skal fara fram á tímabilinu 1. september til 15. október 2006.
6. Samkomulag þetta gildir til 31. desember 2006.
7. Samkomulag þetta er heimilt að endurskoða hvenær sem er á gildistímanum, ef annar hvor samningsaðila óskar þess.
8. Af samkomulagi þessu eru gerð tvö samhljóða eintök, sitt handa hvorum aðila.

Reykjanesbæ _____2006.

F.h. MÍT

F.h. Bridsfélags Suðurnesja
